

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	
<b>Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:</b>		86.000			
1602.1001	Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2019	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	44
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	78
1602.2029	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	26
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3109	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3209	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3909	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.4101	Úr svínunum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.02 - 30.06.03	-	0	637
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	343
1602.4109	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.02 - 30.06.03	-	0	412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	247
1602.4209	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	511
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	307
1602.4909	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	304
1602.5009	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	265

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
1602.9019 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*